



# ÁRSKÝRSLA RT-11 VESTMANNAEYJUM

fyrir

starfsárið 2009 – 2010



# Saur síða



## Skýrsla formanns RT-11, 2008 – 2009.

Síðastliðið Starfsár hjá okkur 11 mönnum hefur verið frekar hefðbundið að undanskildum fulltrúaráðsfundinum sem við höldum október síðastliðinn. Veðrið setti dálítið strík í reikninginn þar sem mun færri mættu á fundinn en hefðu annars mætt. Mikil vinna var lögð í að hafa fundinn sem allra glæsilegastann í alla staði, og er ég nokkuð viss um að menn hafa ekki mætt á fund sem hefur verið lagt svo mikil vinna í.

Einn nýr félagi var tekinn inn á starfsárinu sem er að líða, hann var tekinn inn á hefðbundinn máta okkar 11 manna, mætt var í eyjabústaði þar sem að innvígslan var framkvæmd. Eftir innvígsluna var farið í pottana og gert sem mest úr kvöldinu.

Við félagar kveðjum einn féлага þetta árið, Örn Hilmisson er víst orðið löglegt gamalmenni og höfum við þegar sótt um pláss fyrir hann á dvalarheimili aldraðra sjómanna í Færeyjum. ég ætla nú ekki að hafa þetta mikið lengra að sinni sjáumst hressir og kátir á nýju starfsári

Með Kveðju,

Flóvent Máni Theodórsson  
Formaður RT-11 2009-2010



## Skýrsla ritara RT-11, 2009 – 2010.

Nú er liðið þriðja starfsár mitt í hinu veigamikla embætti ritara RT – 11. Árið var í senn viðburðaríkt og skemmtileg, annað kæmi á óvart.

Fundnir voru haldnir með reglulegu millibili, mæting á fundi var í flestum tilvikum með ágætum og standa þessir aðilar uppi eftir árið með fullt hús í mætingu:

Aðalsteinn Baldursson  
Ágúst Ingi Jónsson,  
Haukur Jónsson  
Jóhann Þorvaldsson (JoJo)

Aðrir meðlimir komust nokkuð nærri fullri mætingu en náðu henni þó ekki þetta árið. Ég vill nota tækifærið og þakka félögum mínum fyrir ánægjulegt starfsár og horfi um leið spenntur til þess næsta.

Með ritarakveðju,  
Haukur Jónsson



## Skýrsla gjaldkera RT-11, 2008 – 2009.

Fyrir gjaldkera er starfsárið sem núna er að ljúka búið að vera skemmtilegt, viðburðarríkt og krefjandi. RT-11 hefur aldrei frá stofnun klúbbsins verið rekinn með þeim tilgangi að skila miklum hagnaði eftir hvert starfsár. Það hefur hins vegar lokið flestum vetrum með örlítinn pening inná bók til að geta hafið næsta starfsár með einhverju viti, sem og að standa straum að þeim kostnaði sem hlotist getur á sumrin þegar óvæntir gestir kíkja í heimsókn hingað til okkar á Eyjuna fögru.

Veturinn sem nú er að líða sker sig hins vegar mikið úr þeim sem á undan hafa komið í sögu klúbbsins. Síðast liðið haust héldu RT-11 og LC-11 fulltrúaráðsfund RTÍ og LCÍ, og var mikil vinna og kostnaður lagður í að gera helgina sem glæsilegasta fyrir alla. Í stuttu máli sagt, þá brugðust allar áætlanir, og fyrir vikið hefur veturinn verið erfiður fjárhagslega, og verður næsti vetur nokkuð erfiður einnig miðað við stöðu fjármála hjá klúbbum. Það hefur ekki gerst áður í sögu klúbbsins, fyrir utan stofnarið, að klúbburinn hafi verið rekinn á yfirdrætti, en sú hefur verið raunin í vetur. Fyrir klúbb af þeirri stærð sem RT-11, þá tekur það mjög á alla starfssemi að geta lítið sem ekkert gert eða leyft sér á starfsárinu. Við vonumst til að vinna okkur sem fyrst úr þessu, og getum ekki gert annað en vonað fyrir hönd þeirra sem halda fulltrúaráðsfundi og aðalfundi í framtíðinni að þeir klúbbar þurfi ekki að ganga í gegnum það sem RT-11 þurfti að ganga í gegnum eftir fulltrúaráðsfundinn hérna í Vestmannaeyjum í október 2009.

Með Round Table kveðju,

Sigurður Árnason  
gjaldkeri RT-11 2009 – 2010